

Frá velferðarráðuneytinu

23.11.2011

170. mál.

**Minnisblað vegna frumvarps um breytingu á lyfjalögum er varðar bann við afslætti í smásölu lyfja.**

VEL/22/11/11

Með frumvarpinu er í fjórða sinn lagt til að fresta hluta gildistöku 10. gr. laga nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994. Frestunin varðar bann við afslætti í smásölu lyfja.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistöku verði frestað enn á ný og nú til 2015. Til umræðu hefur komið að í stað þess að fresta ákvæðinu verði það fellt úr gildi. Velferðarnefnd hefur óskað eftir minnisblaði með afstöðu eða umsögn ráðuneytisins um þetta atriði m.a. með tilliti til þess hvernig ákvæðið hefur reynst. Þá er jafnframt óskað eftir því að í minnisblaðinu verði gerð grein fyrir reynslunni af því að fresta gildistöku og banna ekki þessa afslætti.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að ákvæðið verði fellt úr gildi. Þegar bann við afslætti í smásölu var sett í lög árið 2008 tengdist það banni við afslætti í heildsölu sem þótti á þeim tíma bæði ógagnsær og hindra samkeppni í lyfjaverðskrá. Bann við afslætti í heildsölu tók gildi 1. október 2008 en Alþingi ákvað hins vegar að fresta banni við afslætti í smásölu.

Bann við afslætti í heildsölu hefur gefist vel og náð þeim tilætlaða árangri að leiða til meiri samkeppni í lyfjaverðskrá og lægra lyfjaverðs. Ástæðan fyrir endurtekinni frestun á banni við afslætti í smásölu tengist þeirri skoðun að afsláttur í smásölu leiði til samkeppni í verði til sjúklinga. Ein helsta röksemd fyrir banninu á sínum tíma var sú að afsláttur leiddi til sóunar lyfja. Því stærri skammt sem sjúklingar fengu því meiri afslátt fengu þeir á sínum greiðsluhlut, en kostnaður Sjúkratrygginga Íslands jókst. Í gildandi greiðsluþátttökukerfi greiðir sjúklingur að hámarki ákveðna upphæð án tillits til heildarkostnaðar lyfsins. Hlutfallslegur afsláttur apóteksins minnkar þannig eftir því sem heildarkostnaður lyfjaafgreiðslunnar eykst. Verði fyrirbyggjandi frumvarp um breytt greiðsluþátttökukerfi að lögum gildir þessi röksemd ekki lengur, þar sem sjúklingur mun greiða hlutfallslega m.v. heildarkostnað lyfjaafgreiðslunnar þegar hann er kominn yfir lágmarksupphæðina. Þá má einnig geta þess að Samkeppniseftirlitið og ýmis sjúklingasamtök hafa eindregið lýst sig mótfallin banni við afslætti af lyfjaverði í smásölu enda hefur sá afsláttur skilað sér beint til neytenda.

Á síðustu árum hefur dregið úr afslætti í smásölu og virðist hann ekki eins ógagnsær og áður. Hvorki ráðuneytinu né Samkeppniseftirlitinu hafa borist kvartanir vegna afsláttar í smásölu á undanförunum árum né ábendingar um að banna þurfi afslætti sem apótek hafa veitt frá lyfjaverði til sjúklinga.